Major feed zones in the wells were identified below 300 m depth based on well logging data and step rate injection tests. The water discharged from CSI-01 is saline with a conductivity of approximately 40,000 µS/cm. In contrast, water from the main feed zones in CSM-01 and CSM-02 ranges from fresh to brackish with a conductivity of 600-1000 µS/cm. Samples collected at various depths in CSM-01 and CSM-02 using a deep sampler show chemical composition different from the composite water discharged from the wells. The dissolved elemental ratios in the water indicate a substantial depletion of B and Na relative to Cl in brackish to saline samples compared to seawater. In contrast, an enrichment in B and Na relative to Cl is observed in fresh samples. Enrichment in Ca relative to Cl is seen in both fresh and saline samples.

The results of the reaction path models carried out to assess the potential of CO_2 mineralization in the Coda storage reservoir show that the predicted water chemical compositions and secondary minerals are similar to what has previously been observed during basalt weathering and its low temperature alteration. Mixing of the CO_2 injection water and the chemically variable reservoir water does not affect the overall chemical and mineralogical trends and mineralization efficiencies. The results of the simulations confirm high CO_2 mineralization potential with up to 100% of the injected CO_2 mineralized as calcite. However, the spatial and temporal evolution of this modelled process is unknown.

References:

Clark, D.E., Oelkers, E.H., Gunnarsson, I., Sigfusson, B., Snæbjörnsdóttir, S.Ó., Aradottir, E.S., Gislason, S.R., 2020. CarbFix2: CO_2 and H_2S mineralization during 3.5 years of continuous injection into basaltic rocks at more than 250 °C. Geochimica et Cosmochimica Acta 279, 45-66.

Global CCS Institute, 2024. The Global Status of CCS: 2024, Australia

Matter, J.M., Stute, M., Snæbjörnsdottir, S.Ó., Oelkers, E.H., Gislason, S.R., Aradottir, E.S., Sigfusson, B., Gunnarsson, I., Sigurdardottir, H., Gunnlaugsson, E., Axelsson, G., Alfredsson, H.A., Wolff-Boenisch, D., Mesfin, K., Taya, D.F.d.l.R., Hall, J., Dideriksen, K., Broecker, W.S., 2016. Rapid carbon mineralization for permanent disposal of anthropogenic carbon dioxide emissions. Science 352, 1312-1314.

Zhang, Y., Jackson, C., Krevor, S., 2024. The feasibility of reaching gigatonne scale CO_2 storage by mid-century. Nature Communication 15, 6913.

The contribution of tectonic stress as a driving mechanism for dike emplacement in an oblique rift setting: The February-March 2021 Fagradalsfjall dike

Sonja H. M. Greiner[1,2,3*], Freysteinn Sigmundsson[1], Halldór Geirsson[1], Steffi Burchardt[2,3] & Olivier Galland[4]

[1] Nordvulk, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland
[2] Department of Earth Sciences, Uppsala University, Uppsala, Sweden
[3] Center for Natural Hazard and Disaster Science (CNDS), Uppsala/Stockholm/Karlstad, Sweden
[4] NJORD Center, Department of Geosciences, University of Oslo, Oslo, Norway
*Email: shmgreiner@hi.is

Repeated dike-intrusions often occur in zones where extensional stress has accumulated. In such situations, surface-deformation models can be employed to infer the dimension and orientation of the forming intrusion. However, although this provides information about the possible location and geometry of a dike, the models typically do not provide direct information on the processes driving magma emplacement, e.g. if a dike is driven largely by magmatic overpressure or tectonic stress.

We explore here the contribution of tectonic stress as a driving mechanism for dike opening in a three-dimensional viscoelastic Finite-Element deformation model. We use the February-March 2021 dike at Fagradalsfjall on the Reykjanes Peninsula, SW Iceland, as a case study due to detailed observations of pre- and co-diking surface deformation. In our model, tectonic stress first accumulates due to oblique plate motion over a time period of 800 years and is then partially released by the opening of a two-segmented dike. We find that the model can largely reproduce observed surface deformation without requiring magmatic overpressure if the dike releases approximately 60% of the previously accumulated stress through a mixture of opening and shearing of the dike plane. Partial release of tectonic stress is consistent with the emplacement of three subsequent dikes between 2021-2023. Furthermore, a large contribution of tectonic stress compared to magmatic overpressure is consistent with low initial eruptive flow rates, widespread triggered seismicity and distributed shallow fault movements. Our model helps to better understand volcanotectonic interaction in the onset of a magmatic rifting episode.

"Is the Western Volcanic Zone still spreading? A geodetic model of plate motion in South Iceland",

Guðbjartur Helgi Kristinsson & Halldór Geirsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Háskóli Íslands

The Western Volcanic Zone (WVZ) is one of the volcanic zones in Iceland and has been active since approximately 7–9 Ma, when the spreading ridge jumped from the Snæfellsnes Volcanic Zone (SVZ), forming the WVZ and the Reykjanes Peninsula Rift (RPR). Over the past 1.5–3 Ma, volcanic activity and deformation in the WVZ has dwindled as the Eastern Volcanic Zone (EVZ) developed. Various estimates of spreading rate have been put forth in recent decades, based on geodetic data, ranging from 2.5 to 7.1 mm/yr. Up to 35 documented post-glacial eruptions have occurred throughout the WVZ, including in its northernmost part where the spreading rate is very low. The most recent eruption occurred around 782– 860 AD, when Hallmundarhraun erupted in the northern section of the WVZ. In this study, we investigate whether spreading is still occurring over the WVZ and at what rate. We use GNSS and InSAR data together with the elastic block model TDEFNODE to run inversion models solving for spreading rate and locking depth in the WVZ. The GNSS data, which span 1992 to 2025, are processed using the GIPSY-OASIS II software. A major problem for assessing the spreading rate across the WVZ is deformation from various additional sources, such as earthquakes, magma movements, anthropogenic subsidence due to geothermal power plants, as well as glacial isostatic adjustment (GIA) due to retreating ice caps, all of which can lead to some bias in the results. To avoid co-seismic and co-eruptive displacements associated with the current tectonic event in the Reykjanes Peninsula, the GNSS sites located in and around this region were truncated at 2020.0. The InSAR data for Reykjanes Peninsula was also excluded for the same reason. We also correct for transient deformation signals recorded between 1992 and 2020, such as the 2000 eruption in Hekla and subsequent inflation, both the 2000 and 2008 South Iceland Seismic Zone earthquakes, the March 2010 eruption at Eyjafjallajökull, and the 2014–15 Holuhraun eruption. Preliminary results using only uncorrected GNSS velocity fields suggest that spreading across the WVZ is less than 4 mm/yr. Inversion models using the corrected GNSS velocity field and InSAR data will provide a more accurate estimate of the spreading rate across the WVZ. A strain map for western Iceland will be made to delineate the most likely plate boundary for WVZ. Most magmatic and tectonic activity occurs in the southern part of the WVZ. This includes the eruption at Nesjahraun and the Sandey cinder cone in Þingvallavatn around ~70 AD, as well as possible rifting episodes in 1339 and 1789. Seismic activity continues within the WVZ, particularly in the Hengill volcanic system, which saw intense seismic activity between 1993 and 1998, and more recently due to the reinjection of geothermal fluids from nearby geothermal power plants. Interestingly, the SVZ experienced renewed volcanic activity around 2 Ma, despite tectonic activity ceasing 7–9 Ma. This suggests that volcanic activity in the WVZ could persist long after plate spreading there nears zero.

Basísk sprengigos á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis og gjóskustabbinn á Vikrakambi

Guðrún Larsen[1], Bergrún A. Óladóttir[2], Magnús T. Guðmundsson[3], Catherine R. Gallagher[1] & Sveinbjörn Steinþórsson[1]

[1]Jarðvísindastofnun Háskólans, [2]Veðurstofa Íslands, [3]Jarðvísindadeild HÍ

Bárðarbungukerfið er er stærsta eldstöðvakerfi landsins, um 190 km langt og allt að 25 km breitt (1). Það skiptist í megineldstöðina Bárðarbungu og tvær sprungureinar, Veiðivatnarein til SV og Dyngjuhálsrein til NA. Um 70 km af eldstöðvakerfinu, megineldstöðin og hluti sprungureinanna beggja vegna (frá syðstu Holuhraunsgígum að Kerlingum í Tungnaárjökli), eru undir norðvestanverðum Vatnajökli. Bárðarbunga rís um 2000 m y.s. og í henni er ísfyllt 65 km^2 askja (2).

Eldgosasaga Bárðarbungukerfis er nokkuð vel þekkt vegna kortlagninga á hraunum og gjóskulögum. Eldgos á jökulþekta hluta Bárðarbungukerfis eru sprengigos sem skilja eftir gjóskulög í jarðvegi, setlögum og jökulís. Færa má rök fyrir að yfir 400 slík sprengigos hafi orðið undir jökli á síðustu 11.000 árum (3-5).

Efnafræðileg einkenni Bárðarbungukviku eru þekkt og því er hægt að tengja gosefnin við Bárðarbungukerfið með efnagreiningum (6). Þetta er mikilvægt fyrir sprengigosin og gjóskulögin því gosstöðvarnar eru huldar jökli og varðveisluskilyrði fyrir gjósku innan 50 km frá Bárðarbungu (miðri) eru nánast hvergi nema í Nýjadal – í um 30 km fjarlægð.

Sprengigos á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis – örstutt gossaga

Á sögulegum tíma eru þekkt um 25 basísk sprengigos á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis (gjóskulagarannsóknir og heimildir (7)). Mörg gjóskulaganna hafa aðeins fundist í ísnum í Vatnajökli, aðeins stærstu gjóskulögin bárust út fyrir jökulinn og ógróin eða uppblásin svæði umhverfis hann. Gjóskulög sem koma fram á leysingasvæðum Vatnajökuls, í 400 m löngum borkjarna á Bárðarbungu og jarðvegssniðum hafa verið efnagreind, alls 23 lög en tvö gos eru aðeins þekkt af heimildum. Fimm sprungugos á Bárðarbungukerfi utan Vatnajökuls urðu a sögulegum tíma, tvö þeirra voru sprengigos vegna hárrar vatnsstöðu (877, 1477) og þrjú flæðigos (á 13. öld, 1862-4, 2014-15).

Flest gos á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis síðustu 11 aldir virðast hafa verið fremur lítil. Til þess bendir hátt hlutfall Bárðarbungugjóskulaga sem eingöngu finnast í ís í Vatnajökli og fátæklegar frásagnir annála/gamalla heimilda benda til hins sama. Þrjú af hverjum fjórum gjóskulögum frá sögulegum tíma finnast eingöngu í ísnum í Vatnajökli. Gjóskulögin segja þó aðeins hve stór hluti gosefna náði upp úr jöklinum. Gostíðnin á jökulþakta hlutanum er 1-4 gos á öld nema á 18. öld þegar gosin eru a.m.k. 12 talsins.

Stærstu gjóskulög úr sprengigosum á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis eru úr gosum um 950 og 1717. Með samanburði við þykktardreifingu Grímsvatnagjósku frá 2011 má álykta að nýfallin gjóska í gosinu 1717 hafi verið 0,6-0,8 km^3. Gosin geta staðið með hléum í nokkrar vikur eða mánuði.

Þykkt (~3 m) og gróft gjóskulag liggur á hæðarkambi milli Bálkajökuls og Bárðarjökuls VNV í Bárðarbungu (7). Gjóskan hefur efnasamsetningu Bárðarbungukerfis og grófleiki bendir til nálægra gosstöðva. Útlit og varðveisla bendir til fremur ungs aldurs og því var kannað hvort þetta gjóskulag tengdist hugsanlega tímasettum gosum og/eða hlaupum. Sérstaklega var athugað hvort gjóskulagið tengdist gosi á Bárðarbungukerfi 1766, en það sumar voru vatnavextir í Þjórsá taldir stafa af hlaupum í Tungnaá (8). Einnig hvort gjóskulagið gæti tengst gosi á Bárðarbungukerfi 1716, en þá barst gjóska til NV. Ekki tókst að sýna fram á tengsl við gos á sögulegum tíma með tiltækum gögnum. Líklegast er að það tengist um 1300 ára gömlu gjóskulagi í Nýjadal.

Gjóskustabbinn á kambinum sem við viljum kalla Vikrakamb. Horft til vesturs yfir Vonarskarð.

Á forsögulegum tíma eru gjóskulög varðveitt í jarðvegi og setlögum en upplýsingarnar verða slitróttari með hækkandi aldri (3-5). Alls hafa fundist um 100 gjóskulög með einkenni Bárðarbungukerfis, þau elstu um 11.000 ára. Sé notað sama hlutfall og gilti um gos á sögulegum tíma gætu gos á jökulþöktum hluta Bárðarbungukerfis hafa verið um 400 á 10.000 árum eða 4 gos á öld að jafnaði. Hér þarf að hafa í huga að jökulþakti hlutinn hefur verið breytilegur að stærð og í upphafi Nútíma var mikil jökulþekja. Stærstu forsögulegu gjóskulögin voru af svipaðri stærð eða ívið stærri en G-2011 (9) miðað við þykktardreifingu í 50-100 km fjarlægð.

Nákvæm lega gosstöðva á jökulþakta hluta Bárðarbungukerfis er ekki þekkt í neinu gosi á sögulegum tíma þótt til séu mið á gosmökk og leiðir jökulhlaupa vegna gosa séu þekktar í nokkrum tilfellum. Sama gildir um gos á forsögulegum tíma. Upptök þykka og grófa gjóskulagsins við jökuljaðarinn norðvestan í Bárðarbungu eru í fárra kílómetra fjarlægð og gætu tengst „gígaröð“ sem er að koma í ljós í norðvesturhlíð hennar. Gígleifar, sem flust hafa með ísskriði að jaðri Dyngjujökuls við Urðarháls, mynda þar mikla gjóskumúga. Afstaða þeirra til þekktra gjóskulaga bendir til goss á 16. öld.

Jökulhlaup geta gefið vísbendingar um gosstöðvar. Með örfáum undantekningum hafa öll þekkt jökulhlaup vegna eldvirkni á Bárðarbungukerfi komið í Jökulsá á Fjöllum, eitt kom líka í Skjálfandafljót og eitt olli vatnavöxtum í Þjórsá (8). Það þýðir að sprengigos sem valda hlaupum verða flest austantil á jökulþakta hluta kerfisins eða tengjast öskju Bárðarbungu. Forsöguleg hlaup í Jökulsá á Fjöllum sem tengjast eldvirkni á Bárðarbungukerfi eru þekkt frá tímabili fyrir ~7000 árum þar til fyrir um 2000 árum – hér er átt við hlaup sem báru fram glerríkt set með einkennum Bárðarbungukerfis, en glerið í setinu hefur sömu einkenni og gjóskulög frá sama tímabili (10-11). Ummerki eftir 20 hlaup eru þekkt, 18 eru frá tímabilinu 7100-4100. Mat á hámarksrennsli er á bilinu 30-100 þúsund m^3/s. Flest forsögulegu hlaupin eru frá tímabili þegar jöklar voru í lágmarki, litlir eða engir nema e.t.v. á hæstu fjöllum. Basísk sprengigos þurfa vatn eða ís. Það bendir sterklega til að gosin sem ollu hlaupunum hafi verið í megineldstöðinni Bárðarbungu, annað hvort í hlíðum hennar eða í öskjunni sjálfri.

1) Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1998. 2) Magnús T. Guðmundsson o.fl. 2016. 3) Bergrún A. Óladóttir o.fl. 2011. 4) Esther R. Guðmundsdóttir o.fl. 2016. 5) M. Wastl 2000. 6) Sveinn P. Jakobsson 1979. 7) Guðrún Larsen o.fl. handr. 8) Sigurður Þórarinsson 1974. 9) Magnús T. Guðmundsson o.fl. 2012. 10) R.B.Waitt 2002. 11) Guðrún Larsen o.fl. inns.

Hvað tefur Heklu?

Garance Hervé[1], Olgeir Sigmarsson[1,2] & Guðrún Larsen[2]

1- Laboratoire Magmas et Volcans, CNRS et Université Clermont Auvergne, Frakklandi
2- Jarðvísindastofnun Raunvísindastofnunar Háskólans, Háskóla Íslands

Sprengigos Heklu stafa af uppsöfnuðu gasi í kviku fyrir gos og mynda gjósku. Færa má rök fyrir að minnkandi rúmmál gjósku síðustu fimm gosa Heklu stafi af minnkandi samsöfnun gass fyrir hvert gos. Ekki er hægt að safna og efnagreina gas í sprengigosum. Þess í stað má mæla uppsöfnun á samsætunni ^{210}Pb í gosefnum Heklu sem endurspeglar uppstreymi, samsöfnun og geislavirkt niðurbrot eðalgassins radons (^{222}Rn). Radon-222 myndast við klofnun ^{226}Ra í ^{238}U-keðjunni og klofnar síðan sjálft og myndar 210Pb, m.ö.o. (^{238}U) ->… (^{226}Ra) -> (^{222}Rn) -> … (^{210}Pb). Geislavirkni hverrar samsætu (táknað með sviga utan um samsætuna) er ein og hin sama þegar keðjan er í jafnvægi og því hlutfallið samsæta, t.d. (^{210}Pb/^{226}Ra), jafnt og 1. Ef radon tapast með öðrum eldfjallagösum úr kviku verður (^{210}Pb/^{226}Ra) < 1 í afgasaðri kvikunni og > 1 í gasinu. Ef ^{222}Rn nær aftur á móti að safnast saman og rísa með gasblöðrum upp í efstu lög kvikunnar þá mun það brotna niður (helmingunartíminn er aðeins 3,8 dagar) og mynda ^{210}Pb. Hlutfallið (^{210}Pb/^{226}Ra) yrði því > 1 gasríkri kvikunni.

Til að sannreyna þá vinnukenningu að Heklugos hefjist vegna uppsöfnunar á eldfjallagasi hafa hraun og gjóska úr Heklugosum frá 1947 verið tekin til mælinga á skammlífum samsætum ^{238}U-keðjunnar. Öll hraunin eru í geislavirku jafnvægi og sama á við um gjósku úr gosum frá og með 1980. Aftur á móti hefur fyrsta gjóska gosanna 1947 og 1970 hlutfallið (^{210}Pb/^{226}Ra) > 1, sem bendir til uppsöfnunar á gasi fyrir gos. Hvers vegna gjóska yngri gosa hefur ekki mælanlegt geislavirkt ójafnvægi er líklega vegna stutts goshlés, sem væri of stutt fyrir nægjanlega radon uppsöfnun.

Vitað er að vegna skamms helmingunartíma eru fá radon atom í kvikunni og að því nær radon ekki að mynda eigin gasblöðrur. Því er talið að blöðrur fylltar CO_2 flytji radon af einum stað til annars í kvikunni. Hraunin öll hafa hlutfallið (^{210}Pb/^{226}Ra) = 1 og því hefur ^{222}Rn hvorki tapast úr né bæst við kvikuna sem rann sem hraun. Líklegast verður því að telja að uppsafnaða gasið komi enn dýpra að eða frá basaltmóðurkviku þeirrar ísúru sem Hekla gýs. Einfalt líkan á myndun (^{210}Pb) > (^{226}Ra) í gjósku Heklu bendir til minnkandi uppstreymis radons (og þar með CO_2) sem fall af tíma, sem kann að skýra samtímis minnkandi rúmmál gjósku. Jafnframt má leiða líkur að því að endurnýja þyrfti gasforða djúpstæða basaltsins fyrir næsta Heklugos.

Controls of ice-surface structures during the 1991 surge of Skeiðarárjökull, Iceland, on the post-surge glacial landsystem

Chelsea J. Hill [1], Ívar Örn Benediktsson [1] & Wesley R. Farnsworth [1, 2]

[1] Institute of Earth Sciences, University of Iceland. Reykjavík, Iceland.
[2] Globe Institute, University of Copenhagen. Denmark.

Investigations of surge-type glaciers are important for understanding glacier dynamics and providing analogues to modern and palaeo-ice streams. However, the link between surge-related surface structures to a post-surge glacier landsystem is poorly understood. This study investigates the influence of ice surface structures during the 1991 surge of Skeiðarárjökull on the post-surge glacial landsystem, using accessible imagery and data from 1991 and 2012. The research is focused on the western limits of Skeiðarárjökull and its forefield, where surge-suggested landforms are well preserved. Common features in the forefield of Skeiðarárjökull include an end moraine, hummocky moraine, flutings, drumlins, eskers, and crevasse-squeeze ridges. The structural architecture of the western frontal margins reveals a complex network of crevasses, grouped into distinct domains based on orientation, where longitudinal crevassing is the dominant feature on the ice surface. A lateral shear margin is proposed at the interface between the surge lobe and passive ice, causing the observed counterclockwise rotation in longitudinal crevasses. Additionally, thrust and normal faults are identified and discussed in context of surge dynamics. A correlation is observed between the proximity of thrust faults during the surge to hummocky moraine in the post-surge landsystem. Based on these findings, a conceptual model is proposed, where the surge-driven thrusting is a control on the formation and development of the hummocky moraine in the forefield of Skeiðarárjökull.

Saga jökulhörfunar á Mið-Norðurlandi

Hreggviður Norðdahl[1)],Halldór G. Pétursson[2)] & Skafti Brynjólfsson[2)]

[1)] Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
[2)] Náttúrfræðistofnun

Fyrir um 23 000 árum (cal. ka BP) gekk meginjökull Íslands vestur yfir Rosmhvalanes við Faxaflóa í átt að ystu brún hans á síðasta jökulskeiði (LGM). Ummerki um mestu stærð hans er að finna á landgrunnsbrúninni umhverfis landiðog styðja líkanreikningar einnig þessa stærð hans. Ekki er vitað hve lengi jökullinn hélt þessari miklu stærð sinni, en fyrir um 18 000 árum hafði brún hans hörfað inn í Djúpál og fyrir um 16 000 árum var hlýsjór úti fyrir Norðurlandi. Þetta tvennt bendir til þess að á þessum tíma hafi hlýir sjávarstraumar á ný náð ströndum landsins. Fyrir um 15 000 árum hörfaði jökullinn úr Jökuldjúpi og skömmu seinna var brún hans komin inn fyrir núverandi strönd landsins á Vesturlandi. Þar mætti sjárvarborð landi og efstu og elstu fjörumörk á Vesturlandi mynduðust fyrir um 14 700 árum. Fjörumörk af svipuðum aldri finnast víða um Vestur-, Norðvestur- og Norðurland, ofan við fjörumörk af yngri Dryas og Preboreal aldri.

Á Mið-Norðurlandi lá brún jökulsins ýmist innan núverandi strandar eða skammt undan landi, nema þá helst í Eyjafirði. Þar í nágrenninu – í Fnjóskadal, eru vísbendingar um að nyrsti hluti dalsins hafi snemma orðið jökullaus og í honum myndast 6 jökullón með affalli til norðurs yfir Flateyjardalsheiði. Ummerki fjögurra elstu lónanna eru eingöngu varðveitt í setlögum Fnjóskadals. En ummerki þeirra tveggja lóna sem skildu eftir sig strandlínur í hlíðum dalsins eru líka varðveitt í setlögum Fnjóskadals. Jarðlagafræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að þessi lón urðu til hvert á fætur öðru þannig að eitt lón tæmdist og það næsta varð til. Til þess að þetta gæti orðið þá varð jökulstífla í Dalsmynni að veikjast það mikið að vatn gæti fundið sér leið úr lóninu og til Eyjafjarðar og eflast svo á ný þannig að nýtt lón með affalli um Flateyjardalsheiði varð til í Fnjóskadal.

Í Út-Fnjóskadal, þ.e. nyrst í dalnum safnaðist gífurlegt magn sets fyrir og í þeim eru ummerki um fjögur elstu lónin. Sum þessara setlaga hafa aflagast þegar jökull í Fnjóskadal gekk ítrekað norður yfir þau. Greinilegar strandlínur urðu til við strendur tveggja næstu jökullóna og við þær safnaðist set sem mynduðu óseyrar. Áætlaður aldur þessara tveggja lóna og strandlína þeirra er á bilinu 15 000 til 13 000 ár. Þessu næst hörfuðu jöklar landsins inn til miðhálendisins og á þeim tíma varð stór hluti landsins jökullaus og afstætt sjávarborð varð hvað lægst. Á þessum tíma runnu á Norðausturlandi hraun sem síðar fóru undir jökul þegar jöklar stækkuðu á yngri Dryas.

Á yngri Dryas gekk jökull í Eyjafirðir út yfir Hrísey og lokaði Dalsmynni. Á sama tíma gekk jökull út Bárðardal, lokaði Ljósavatnsskarði og náði út í Skjálfandaflóa. Þá myndaðist lón í endilöngum Fnjóskadal og út í það barst mikið magn af gjósku, sem kennd hefur verið við Skóga og er sú sama og svonefnd Vedde gjóska, um 12 100 ára gömul. Þetta lón tæmdist og annað lón, og jafnframt það yngsta, myndaðist fyrir um 11 700 árum. Síðan hörfuðu jöklar talsvert og náði brún jökulsins tímabundið í sjó við Espihól í Eyjafirði sem og í mynni Hörgárdals og Svarfaðardals. Áætlaður aldur þessarar stöðu jöklanna er um 11 200 ár. Ný og yngri staða frambrúna þessara jökla var svo fyrir um 10 900 árum, en þá mynduðust Melgerðismelar framan við Eyjafjarðarjökulinn.

Nokkuð er vitað um aldur samsetts berghlaups (Leyningshóla) syðst í Eyjafirði, en elsti hluti þess féll á og barst þvert yfir hlutfallslega þunna jökultungu og að fjallshlíðinni austan dalsins. Jökultungan náði norður fyrir Hólavatn, en vatnsstæði þess varð til þegar jökullinn hörfaði frá umfangsmiklum jökulgörðum norðan vatnsins. Aldur berghlaupsins er að minnsta kosti 10 200 ár, sem er aldur svartrar gjósku (Saksunarvatn) sem fundist hefur ofan á hlaupinu.

Tölfræðilegt mat á jarðskjálftum á Íslandi 1904–2022.

Ingi Þorleifur Bjarnason.

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Nýlega voru gefnir út tveir listar yfir jarðskjálfta frá árinu 1904 og fram á okkar daga. Annars vegar er alþjóðlegur listi frá International Seismological Center (skammstafaður ISC GEM). Hann nær yfir alla jarðskjálfta yfir vissa stærð, sem orðið hafa á jörðinni á tímabilinu 1904–2022. Hinn listinn er frá árinu 2022, sem Kristján Jónasson (1), og samstarfsmenn tóku saman og nefnist ICEL-NMAR. ICEL-NMAR listinn nær yfir tímabilið 1904–2019, en takmarkast þó við skráningu á jarðskjálftum á Íslandi og annars staðar á Norður-Atlantshafshryggnum á milli 45˚–75˚ breiddargráðu. ISC GEM listinn gefur upp stærðir samkvæmt vægisstærðarkvarðanum Mw, en ICEL-NMAR listinn er auk þessa með stærðirnar reiknaðar út frá P-bylgju (mb) og S-bylgju (MS).

Þegar skoðuð eru stöplarit með fjölda skjálfta eftir stærð, má ætla, að ISC GEM listinn sé nokkuð tæmandi fyrir íslenska jarðskjálfta eftir 1917 með vægisstærðir Mw ≥ 5,6, og ICEL-NMAR listinn álíka tæmandi fyrir stærðir Mw ≥ 5,0 frá 1904, og verður það að teljast gott. Þriðji listi er til, sem báðir ofangreindir listar sækja til. Það er alþjóðlegi Global Centroid Moment Tensor listinn (GCMT). Hann nær yfir jarðskjálfta frá tímabilið 1976–2022 og virðist ná yfir jarðskjálfta af stærðinni Mw ≥ 4,7 á Íslandi. Fjórði listinn, sem notast er við hér í þessari greiningu, er listi frá International Seismological Center yfir jarðskjálfta á árabilinu 1963–2022. Ætla má, að hann nái að skrá flesta jarðskjálfta , sem urðu þá á Íslandi af stærðinni MS≥ 3,7.

Hægt er að beita Gutenberg og Richter lögmáli (jöfnu) til þess að rannsaka tölfræðilega jarðskjálfta á Íslandi á tímabilinu 1904–2022 og spá fyrir um endurkomu stærri jarðskjálfta. Gutenberg og Richter lögmálið er veldisfall, sem lýsir því, að fyrir hvern skjálfta af ákveðinni stærð M megi búast við 10 skjálftum að meðaltali á jörðinni, sem eru á stærðarbilinu M-1 til M. Greining ofangreindra gagna bendir til, að fyrir hvern jarðskjálfta á Íslandi af stærð 7,0 megi búast við 8± 1 jarðskjálftum af stærðum á milli 6,0 og 7,0.

Nærri helmingur skjálfta frá Íslandi í ofangreindum listum (gagnagrunnum) er um skjálfta frá Bárðarbungu á árunum 2014 og 2015. Ákveðið var fyrir greiningu hér að sía út Bárðarbunguskjálfta frá upphafi mælinga. Þannig endurspegla gögnin betur hreina tektoníska skjálfta. Þegar ofangreind gögn eru skoðuð, kemur í ljós fyrir Ísland sem eitt svæði, að jarðskjálftar af stærð (Mw eða Ms) ≥ 6,5 verða að meðaltali á 25 ± 5 ára fresti (dreifing er gefin í tveimur staðalfrávikum og endurspeglar líklega lágmarks óvissu). Ef gert er ráð fyrir svipaðri endurkomu skjálfta af þessari stærð á Norður- og Suðurlandi, þá má gera ráð fyrir endurkomu þeirra á hvoru landsvæði á 50 ± 10 ára fresti. Endurkomutími skjálfta af stærðinni Mw ≥ 7.0 telst þá vera 70 ± 22 ár fyrir landið í heild, eða 140 ± 44 ár á hvoru landsvæði. Ekki var kannað hér, hvort munur væri á þessum landsvæðum, en það er verðugt næsta skref.

Áætlað er, að stærstu jarðskjálftar á Íslandi á sögulegum tíma hafi verið af stærðinni 7,1 (MS). Samkvæmt Gutenberg og Richter lögmáli ættu slíkir jarðskjálftar að verða á 220 ± 90 ára fresti hér á landi. Jarðskjálftar af stærðinni MS eða Mw = 7,0 ættu að endurtaka sig á 195 ±60 ára fresti. Líkindi þess að fá tvo jarðskjálfta af stærð MS 7,0 eins og gerst hefur á síðustu 115 árum (það eru 1910 og 1912 skjálftarnir) eru um 35%. Nú eru tæp 25 ár, síðan jarðskjálfti af stærð Mw = 6,5 reið yfir Suðurland. Miðað við reiknaðan endurkomutíma staks skjálfta Mw ≥ 6,5 gætu liðið önnur 25 ár, þangað til svipaður eða stærri jarðskjálfti endurtæki sig. Hins vegar er Suðurlandsskjálftum oft lýst sem hrinu tveggja eða fleiri aðalskjálfta. Árið 2000 voru tveir meginskjálftar af stærðinni Mw ~6,5 (17. júní skjálftinn Mw=6.5 og MS=6,7; 20. júní skjálftinn Mw=6.4 og MS=6.6). Ef gert er ráð fyrir pari af skjálftum Mw ≥ 6,5, þá má búast við þeim eftir 75 ± 20 ár.

Í það minnsta í 25 ár fyrir 2000 skjálftann í Holtum (17. júní 2000) var mesta viðverandi virkni smáskjálfta (stærðir u. þ. b. 1.5–4.0) á Suðurlandsundirlendinu einmitt þar. Var þess vegna talið, að Holtin væru líklegasta staðsetning næsta Suðurlandsskjálfta, sem reyndist rétt. Á síðustu 25 árum hefur bæði dregið úr virkni eftirskjálfta síðustu Suðurlandsskjálfta, en líka orðið aukning smáskjálfta af stærðinni 1.5–4.6 á svæðum Suðurlands, sem voru róleg fyrir 2000 skjálftana. Þetta eru annars vegar Flói og hins vegar í Landssveit og á Rangárvöllum og Vatnafjallasvæðið suður af Heklu. Með svipuðum rökum og áður má ætla, að þessi aukna virkni smáskjálfta endurspegli aukna spennu í jarðskorpunni, og þessi svæði séu líklegustu upptök næstu Suðurlandsskjálfta.

(1) *A harmonised instrumental earthquake catalogue for Iceland and the northern Mid-Atlantic Ridge*. Kristján Jónasson, Bjarni Bessason, Ásdís Helgadóttir, Páll Einarsson, Gunnar B. Guðmundsson, Bryndís Brandsdóttir, Kristín S. Vogfjörd and Kristín Jónsdóttir

https://doi.org/10.5194/nhess-21-2197-2021 - Data sets ICEL-NMAR Earthquake Catalogue Kristjan Jonasson and Bjarni Bessason https://doi.org/10.17632/7zh6xg22cv.2

The impact of historical land-use changes on Icelandic lake ecosystems reconstructed from Chironomidae head capsules

Emily Koenders; Peter G. Langdon; Mathis L. Blache; Egill Erlendsson; Steffen Mischke

Land use in Iceland has histrorically been shaped by pastoral farming, with sheep grazing as a dominant activity. Over the past few centuries, however, agricultural land has increasingly given way to summerhouses and recreational areas, especially near lakes. This shift has introduced new anthropogenic pressures on lake ecosystems, including erosion, changes in plant coverage and nutrient loading.

In order to investigate the influence of summerhouses on the lake ecosystems in Iceland, two lakes have been selected. The first one, Hafravatn, is located within the city limits of Reykjavík and is a well-known recreational area for locals, with many summerhouses along its shore. Data from Hafravatn will be compared with those from Grænavatn, a less accessible lake ca. 35 km south-west of Reykjavík. From each lake, short sediment cores were taken, to investigate the changes in Chironomidae head capsules composition and geochemical parameters for the last ca. 200 years.

The relative uniform chironomid species composition in the sediment core from Hafravatn suggests that the lake, due to its large size, is relatively well-buffered against most anthropogenic pressures and climate change. In contrast, Grænavatn shows large shifts in the Chironomidae composition that correspond to changes in mean temperature and precipitation. For Hafravatn, only large shifts in the sediment accumulation rate, often caused by the building of large infrastructure in the catchment, resulted in short-term shifts in the Chironomidae composition. However, smaller-scale shifts in the Chironomidae composition at Hafravatn including the decrease in oligotrophic species were probably caused by the building and presence of an increasing number of summerhouses around the lake.

The first Icelandic DAS Deployment for Real-Time Earthquake and Volcano Monitoring/ Fyrsti íslenski Ljósleiðaravakinn

Kristín Jónsdóttir[1*], Yesim Cubuk-Sabuncu[1], Einar Bessi Gestsson[1], Pálmi Erlendsson[1], Jiaxuan Li[2], Ettore Biondi[3], Vala Hjörleifsdóttir[4], Ingvar Kristinsson[1], Matthew James Roberts[1] & Kristín Vogfjörð[1]

[1]Icelandic Meteorological Office, Reykjavík, Iceland.
[2]Univeristy of Houston, Department of Earth and Atmospheric Sciences, TX, USA.
[3]California Institute of Technology, Pasadena, CA, USA.
[4]Reykjavík University, Reykjavík, Iceland.

We present the first Icelandic Distributed Acoustic Sensing (DAS) deployment, operated by the Icelandic Meteorological Office, a significant advancement in real-time monitoring of volcanic and seismic activity in Iceland. DAS methodology utilizes continuous optical fibers, covering tens of kilometers, as highly sensitive arrays of seismo-acoustic sensors. This exceptional spatial and temporal resolution of DAS enables the detection and characterization of subtle volcanic and seismic signals with high accuracy, making it suitable for eruption monitoring in the Reykjanes Peninsula. Thus, to enhance monitoring of the ongoing volcanic crisis at Grindavík, we installed a real-time early warning system that utilizes the DAS data and delivers alerts to the Icelandic Meteorological Office natural hazards monitoring room. We deployed an ASN OptoDAS interrogator, a long-range and low-noise instrument with low-frequency detection capability. We simultaneously monitor two telecommunication fiber-optic cables in collaboration with Ljósleiðarinn, using a combined length of roughly 150 km, extending from Ásbrú-Keflavík to Þorlákshöfn in the south, as well as to Hafnarfjörður in the north. The high sensor density, with measurements every 10 meters and a temporal sampling frequency of 100 Hz, allows the detection of diverse signals, including volcanic processes and microseismicity. The DAS dataset, acquired over two months, demonstrates the significance of DAS in ensuring continuous volcano monitoring during periods of intense weather noise degrading traditional seismometer performance. We discuss our overall operational experience, specifically the application of the early warning system (collaborative work with Reykjavík University, University of Houston and Caltech), initial results, and quality checks performed on the dataset.

Post glacial relative sea level changes in west Iceland

Ka Yan (Hilary) Kwok*[1], Ívar Örn Benediktsson[1] & Wesley R. Farnsworth[1]

Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7 Reykjavík, Iceland.
*Corresponding Author: kyk5@hi.is; ivarben@hi.is; WesleyF@hi.is

The thin, dynamic crust of Iceland is particularly sensitive to the loading and unloading of land by glaciers and ice sheets, making it a key region for studying postglacial sea-level change. Despite decades of work, relative sea level (RSL) histories remain poorly resolved due to patchy coverage, poorly constrained sea level index points, and chronological uncertainties. The objective of this master's project is to develop an open-access database of sea level index points and limiting constraints for west Iceland. Existing data (n = 174) have been compiled, quality assessed and integrated into a standardized database, providing a more robust reconstruction of RSL changes. Over half of the data correspond to the Late Pleistocene – Early Holocene transition, while Holocene radiocarbon ages are skewed toward the early Holocene. The database is supplemented with new geochronological (tephra and radiocarbon) data from submerged coastal peatlands located in west Iceland, specifically the classic site of Seltjörn, Grótta (-4.2 m beneath hightide; Þorarinsson 1956). The section is interpreted as terrestrial limiting constraint representing an Early Holocene low-stand. The strata exhibits a diatom assemblage dominated by freshwater, and the presence of the G10ka tephra has been identified. These results are compared with Þorarinsson (1956)'s original findings, providing additional insights into the deglaciation of the Icelandic Ice Sheet and the timing of the Early Holocene sea level low-stand.

References:

Þorarinsson, S. 1956: *Morinn i Seltjörn* [English summary: The submerged peat in Seltjörn]. Náttúrufrædingurinn 26, 179-193.

Transient ground deformation observed by GNSS and InSAR during and following the 2021 Fagradalsfjall eruption, Iceland

Chiara Lanzi[1, 2], Halldór Geirsson[1], Michelle Maree Parks[2], Vincent Drouin[2] & Freysteinn Sigmundsson[1]

[1]Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland
[2]Icelandic Meteorological Office, Reykjavik, Iceland

Geodetic observations, coupled with modelling of the detected signals, can help discriminate between different processes contributing to measured surface deformation during a volcanic eruption, providing insight into its evolution, the associated magma transport, and processes occurring in the subsurface. We use Global Navigation Satellite System (GNSS) geodesy and Interferometric analysis of Synthetic Aperture Radar (InSAR) satellite images to map overall gradual deflation during the six-month-long 2021 eruption in Geldingadalir at Mt. Fagradalsfjall, in SW-Iceland. The co-eruptive deflation shows three temporal phases: T1, 19 March – 10 May; T2, 11 May – 31 July; T3, 1 August – 18 September, correlating with changes in the effusion rate, eruptive style, and geochemistry of the erupted basalt. Effects of lava loading are evident in the geodetic observations. We remove this signal with a Finite Element Method model and infer geodetic sources responsible for the observed ground deformation. Our observations are best explained by a deflating sill-shaped source at ~12–13 km depth with volume contraction of 21–27 Mm^3, around 4-5 times lower than the estimated bulk volume of the erupted material. Inflation was detected after the eruption and can be modelled at a similar depth as the co-eruptive source. Understanding co- and post-eruptive ground deformation patterns and their correlation with other observables at volcanoes e.g., effusion rate and geochemistry is essential to unveil the architecture of the underlying magmatic plumbing system and hazard assessment, considering also the possibility of reactivation of neighboring volcanic systems, known from earlier volcanic activity periods on the Reykjanes Peninsula.

How much heavy metal is released by a crystalizing lava field?

Nicolas Levillayer

Háskóli Íslands

Eruptions of basalt are known to emit a gas phase composed of water, carbon, sulphur, halogens and rare gases but also of toxic heavy metals. While the gas composition released during an eruption is relatively well known, the post-eruptive gas emission from a cooling lava field remains less well characterised, and its environmental impact is largely unknown. During the Fagradalsfjall eruptions (2021-2023), gas was collected from an active crater and the post-eruptive gas from actively degassing but extinct crater and from the cooling lava field. A compositional shift is observed from a sulphur dominated syn-eruptive gas phase (mass ratios S/Cl and S/F > 10) to a halogen-dominated secondary gas phase (S/Cl and S/F < 0.1) from the cooling lava. The shift in major volatile composition affects the trace element volatility, resulting in a depletion post-eruptively of elements emitted as sulphide or in their elemental form such as Te and Cd. The solidifying lava emits gas rich in chloride-forming species (Sb, Pb and Zn) whereas the gas from the extinct crater is rich in elements forming fluoride species such as Mo and Ru. Estimation of the trace metal emissions reveals significant liberation of a few toxic metals from the cooling lava, up to 100 tons of Zn. Syn- and post-eruptive heavy metal emissions are markedly different and the secondary gas emissions from basalt eruptions have local environmental impacts.

Origin and age of the near-rift Fjallgarðar Volcanic Ridge revealed by noble gas geochemisty and geochronology

Noëmi Löw[1], Sæmundur A. Halldórsson[1], Christoph Beier[2], Jóhann Helgason[3], Julia Ricci[4], Joshua M. Curtice[5], Mark D. Kurz[5] & Peter H. Barry[5]

[1]Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Iceland
[2]Department of Geosciences and Geography, University of Helsinki, Finland
[3]Baughúsum 43, Reykjavík, Iceland
[4]New Mexico Geochronology Research Laboratory, New Mexico Institute of Mining & Technology, New Mexico, USA
[5]Woods Hole Oceanographic Institution, Woods Hole, Massachusetts, USA
Corresponding author: noemi@hi.is

High-^{3}He domains in Iceland may originate from a deep, primordial mantle component in the Icelandic mantle plume[1]. In the neovolcanic zones, the highest ^{3}He/^{4}He values (R_C/R_A, relative to air, R_A, and corrected for air-derived He) occur near the northwestern boundary of Vatnajökull, coinciding with the inferred location of the Icelandic mantle plume. This region is characterized by ^{3}He/^{4}He well above 18 R_A, reaching values as high as 26 R_A, reflecting its proximity to the plume center. In contrast, ^{3}He/^{4}He values of 8-11 R_A typify most of the Northern Rift Zone (NRZ)[1,2].

The 200 km-long Fjallgarðar Volcanic Ridge (FVR), consisting of subglacially erupted tholeiitic basalt, was emplaced parallel and ~20-40 km to the east of the NRZ. Previous studies studies[3,4] suggest that the FVR erupted either during a temporary eastward jump or a widening of the NRZ, with magma input largely sourced from the NRZ, implying that the FVR should preserve NRZ source fingerprints. The FVR is thought to have erupted entirely during the Brunhes geomagnetic polarity chron[3] (< 780 kyr). However, absolute age constraints are limited to Ar-Ar ages from subaerial lava flows (n=4: 558 ± 85 kyr to 1340 ± 140 kyr) and subglacial formations (n =7: 153 ± 29 kyr to 453 ± 152 kyr) obtained from the Kárahnjúkar region[5] which may be linked to the construction of the FVR, and one single age in the center part of the FVR (81 ± 9 kyr)[6], highlighting the need for additional Ar-Ar dates from the entire FVR.

Here, we present new He isotope data of glassy pillow rims (n=17) and new ^{40}Ar-^{39}Ar ages on subglacial lavas (n=11), together with published major and trace element data on the same glasses and lavas from the FVR[7]. He isotope data were obtained by crushing glass chips under ultra-high vacuum, and ^{40}Ar-^{39}Ar ages by incremental heating of groundmass separates, with one to two aliquots per sample.

Undegassed FVR glasses display some of the highest He isotope values (max ^{3}He/^{4}He = 22 R_A) ever obtained from the igneous rocks north of Vatnajökull, comparable to ^{3}He/^{4}He values from the inferred center of the mantle plume. Glasses with higher ^{3}He/^{4}He values correspond to lower incompatible minor and trace element ratios (e.g., K_2O/TiO_2 = 0.07-0.17, La/Yb = 2.0-3.8), similar to basalts from central Iceland, whereas lower ^{3}He/^{4}He values (~8 R_A) are observed in samples with higher ratios (K_2O/TiO_2 >0.18, La/Yb= 5.0-5.8). This latter group is identical to basalts from Kverkfjöll, a volcano located adjacent to the southern tip of the FVR. Groundmass ^{40}Ar-^{39}Ar ages (Plateau ages) range from 97 to 702 kyr, confirming the previously inferred Brunhes age of the FVR. Notably, lavas with higher La/Yb are younger than 250 kyr, whereas the ages of lavas with La/Yb < 4 span~200 to 700 kyr.

Our new dataset suggests that, rather than being linked to mantle source(s) feeding the bulk of the NRZ, a significant portion of the FVR magmas originates from a high-$^3He/^4He$ plume component currently only evident beneath central Iceland. This observation places new constraints on lateral dispersion of plume material from central Iceland towards the north over the past ca. 0.8 Ma. Importantly, the ^{40}Ar-^{39}Ar dates suggest that the geochemically more depleted, high-$^3He/^4He$ magmas, erupted all across the entire FVR over a time period of several hundred thousand years. The injection of more enriched magmas (La/Yb > 4) with lower $^3He/^4He$ values (~8R_A), best resembled by Kverkfjöll magmas, into the FVR area seems to be a more recent (< 250 kyr) phenomenon.

References

[1] Harðardóttir et al. (2018). Chemical Geology, 480, 12-27.

[2] Breddam et al. (2000). Earth and Planetary Science Letters, 176(1), 45-55

Vinnslusvæði Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjunar, saga, nústaða og framtíð

Production Fields of Hellisheiði and Nesjavellir Power Plants: Past, Present, and Future"

Sigurður Ragnarsson, Ásdís Benediktsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Þorsteinn Ari Þorgeirsson, Dario Ingi DI Rienzo, Arna Pálsdóttir, Haukur Darri Hauksson, Ingvi Gunnarsson

Orkuveitan

Orka Náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, rekur tvær jarðhitavirkjanir á Hengilssvæðinu. Nesjavallavirkjun með uppsett afl upp á 120 MW_e og 340 MW_{th} og Hellisheiðarvirkjun með uppsett afl upp á 303 MW_e og 200 MW_{th}. Framleiðsla hófst í Nesjavallavirkjun árið 1990 og í Hellisheiðarvirkjun árið 2006. Framleiðslan og áhrif hennar á jarðhitageymana hefur verið vöktuð á vinnslusvæðum beggja virkjana frá upphafi, sem hefur skilað verðmætum gögnum um eðli og þróun auðlindana, gögn sem meðal annars eru nýtt í forðaspágerðir og ákvarðanatökur í auðlindastýringu. Árið 2024 nam massavinnsla tæpum 37,6 milljónum tonna á Hellisheiði og um 18,9 milljónum tonna á Nesjavöllum, um 70% af unnum massa fór til niðurdælingar á báðum vinnslusvæðum. Í erindinu verður gerð nánar grein fyrir vinnslusögu úr jarðhitageymunum, vinnsluþéttleika, þróun niðurdráttar, massavinnslu og orkuinnihalds unnins massa, magni gastegunda í jarðhitavökvanum og niðurdælingu á koltvísýringi og brennisteinsvetni. Auk þess sem tæpt verður á þeim orkuöflunarverkefnum sem fyrirhuguð eru á vegum Orku Náttúrunnar og Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu á næstu árum.

ON Power, a subsidiary of Reykjavík Energy, operates two combined heat and power (CHP), geothermal power plants located on each side of the Hengill Central Volcano. Nesjavellir Power Plant has a current capacity of 120 MW_e and 340 MW_{th}, while Hellisheiði Power Plant has a capacity of 303 MW_e and 200 MW_{th}. Production began at Nesjavellir in 1990 and at Hellisheiði in 2006. Production and its impact on the geothermal reservoirs have been monitored at both well fields since the start, providing valuable data for production forecasting and resource management decisions. In 2024, mass extraction amounted to approximately 37.6 million metric tons at Hellisheiði and about 18.9 million metric tons at Nesjavellir, with around 70% of the extracted mass being reinjected at both production fields. The presentation will provide a detailed overview of the production history of the geothermal reservoirs supplying the two power plants, production density, drawdown trends, mass extraction, and energy content of the extracted fluid, as well as the quantity of gases in the geothermal fluid and the reinjection of carbon dioxide and hydrogen sulfide. Additionally, the presentation will provide a brief overview of planned energy development projects by ON Power and Reykjavík Energy in the Hengill area over the coming years.

Crater Rims or Graben Faults? Ground-Penetrating Radar Insights into the Eldgjá Canyon Formation

Diana Brum da Silveira[1], William M. Moreland[1,3], Thorvaldur Thordarson[1], Ingibjörg Jónsdóttir[2] & Ármann Höskuldsson[2]

[1]Faculty of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland, **dbrum@hi.is**, wmm@hi.is, torvth@hi.is; [2]Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland, ij@hi.is, armh@hi.is; [3]Icelandic Meteorological Office, Reykjavík, Iceland, williammo@vedur.is

Comprehensive models of volcanic deposit distribution can be built by correlating ground-penetrating radar (GPR) data with geological and stratigraphic observations. GPR has many applications in geophysical and geological research. However, its use for studying volcanic deposits remains underdeveloped. The unique nature of volcanic materials poses challenges in interpreting radar profiles, and therefore, the development of a standardised method for applying GPR methodology to volcanic materials is preferable. The Eldgjá eruption, part of Iceland's Katla volcanic system, stands out as one of the most notable explosive basaltic eruptions in historical times, occurring between 937-940 CE. The Eldgjá fissure is one of the largest in Iceland, located in the southern Icelandic highlands. However, the proximal vent deposits are unclear about the vents, particularly within the Eldgjá eruptive units. Are the canyon walls crater rims or graben faults, as suggested by some previous researchers? To achieve this, traditional geological fieldwork observations and GPR surveys were conducted during the summer of 2024. The GPR successfully mapped various volcanic units in key locations such as the Eldgjá Canyon and Skælingar, ranging from proximal tephra fall to fire fountain deposits, with the latter varying from spatter and lapilli to rheomorphic lava layers. Field calibration of the GPR indicates proximal fire fountain deposits that thin rapidly 60-70 metres from the cliff edges in the northern section of the Eldgjá Canyon. Accordingly, we propose that these cliffs are not graben faults but rather crater rims of the Eldgjá 934 eruption. The findings enhance comprehension of volcanic stratigraphy and evaluate the applicability of GPR methodologies in similar geological contexts.

Data processing workflow for UAV magnetometry with applications in rapid hazard assessment of tectonically disrupted areas

Sindri Bernholt[1], Elisa J. Piispa[1], Catherine R. Gallagher[1], Gunnlaugur M. Einarsson[2] & Katrín Á. Karlsdóttir[2]

[1]Institute of Earth Sciences, University of Iceland
[2]Iceland GeoSurvey (ÍSOR)

Recent volcano-tectonic unrest in and around the town of Grindavík, Iceland has resulted in many hazardous faults and fractures, requiring rapid hazard assessment. Among the methods used to survey these formations were magnetic surveys carried out using an unmanned aerial vehicle (UAV). Here, we used a MagArrow magnetometer bird produced by Geometrics inc. attached to a frame built around the landing legs of a DJI M600 Pro hexacopter with the leg springs removed. UAV magnetic surveys are a fast, efficient, and low-cost alternative to traditional ground surveys, especially useful in areas deemed unsafe for walking and where fast execution of surveys is paramount.

Due to the inherent similarities in their methods, UAV magnetometry is subject to all of the same sources of error as ground magnetometry: (1) Diurnal magnetic field variations due to magneto- and ionospheric effects; (2) Unwanted detection of the magnetic anomalies of utilities, buildings and other anthropogenic sources, potentially masking fainter geological signals; (3) Ambiguity in interpretation of magnetic anomalies, due to the inherent non-uniqueness of magnetic sources and their anomalies. However, we also encountered some unique challenges with UAV magnetic surveys, the most significant ones among them being: (4) Occasional inaccuracy in the recorded GPS position of the MagArrow bird, with the largest errors up to 20 m; (5) Magnetic interference from the UAV body itself.

Here we present a Python-based data processing program tailored for UAV magnetic surveys that corrects for, filters out, or otherwise minimizes as much as is possible, the aforementioned sources of error. The default graphical user interface (GUI) for the data processing is a Jupyter Notebook, a free Python software, with custom interfaces for each data processing step. The Python processing functions work independently of the user interface, maximizing the potential for user customization. Processed datasets have improved quality in both the magnetic data and positioning data. The program handles a wide range of data formats, due to its in-program configuration of the data formatting settings with options for saving the settings and sharing them with team members. Due to its versatility and customizability, this program can be used to process UAV magnetometry data for a wide range of applications.

Development of the Eyjafjallajökull ice cap (Iceland) after the 2010 summit eruption

Linda Sobolewski[1], Magnús Tumi Gudmundsson[1], Eyjólfur Magnússon[1], Joaquín M.C. Belart[2], Thomas R. Walter[3], Benjamin R. Edwards[4], Karuna Mira Sah[5] & William Kochtitzky[6]

[1]Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland
[2]Icelandic Institute of Nature Research, Reykjavík, Iceland
[3]Section 2.1 Physics of Earthquakes and Volcanoes, GFZ German Research Centre for Geosciences, Potsdam, Germany
[4]Department of Geosciences, Dickinson College, Carlisle, PA, USA
[5]Acres of Ice, Ladakh, India
[6]School of Marine and Environmental Programs, University of New England, ME, USA

Although research on glaciovolcanism has increased significantly in recent years, studies usually focus on eruption processes and their direct hazard implications, while long-term effects, e.g., on the overlying glacier cover, receive little attention. For example, numerous studies exist on the 2010 Eyjafjallajökull eruption itself, but few follow-up studies have been published on how the glacier cover has evolved and how the vent areas have changed since then. During the eruption, three different areas of the Eyjafjallajökull ice cap were affected: (i) the summit caldera with the volcanic vents active for six weeks; (ii) the short-lived eruption fissure on the south flank; and (iii) the Gígjökull outlet glacier north of the caldera, which was affected by a subglacial lava flow. We provide a comprehensive overview of how these areas have changed with time and illustrate differences in their recovery. While signs of the eruption on the southern flank have completely vanished, the glacier within the caldera has not fully recovered. Observations from October 2024 also indicate the formation of a new minor cauldron near the northern rim. Gígjökull showed great fluctuations since 2010 with the glacier terminus alternating between advance and retreat, although overall the Eyjafjallajökull ice cap is retreating. Our results are primarily based on aerial photographs from overflights, visits of the investigation area, and different types of remote sensing data. Our studies are critical for understanding how single events can impact long-term glacier developments and their recovery in times of global warming.

Magnetic monitoring station at Sýlingarfell: Setup and preliminary results

Sólborg Birgisdóttir, Elisa Piispa,Gunnlaugur Björnsson & Sindri Bernholt

Háskóli Íslands

Monitoring active volcanoes is critical for minimising risks and hazards associated with eruptions. Effective monitoring relies on various techniques to detect and analyse changes in volcanic behaviour. The use of magnetic monitoring stations is a possible new tool for detecting volcanic unrest and monitoring the volcanic here in Iceland.

Changes within volcanic systems can alter the local magnetic field through several mechanisms. This can be detected with simple magnetic monitoring equipment and previous studies have demonstrated the possibility of using magnetic monitoring to detect changes within volcanic systems. There are three main mechanisms that contribute to detectable changes within the magnetic field surrounding a volcanic system. Magma above the Curie temperature is essentially non-magnetic and subsurface movements of magma can affect the magnetic field measured at the surface by "replacing" magnetic rocks[1,2]. Changes within the geothermal systems such as temperature changes, can also generate a detectable magnetic change through the electrokinetic effect[3,4]. Finally, stress changes, such as those associated with the propagation of a dyke can generate a change in the magnetic field through the piezomagnetic effect[5]. Measurements of the time varying magnetic field surrounding a volcanic system could thus potentially serve as an early warning tool by identifying changes indicative of magmatic movement and provide valuable insights into subsurface volcanic processes.

In late 2023 volcanic activity began on Sundahnúkagígaröðin. In May 2024, a magnetic monitoring station was installed near Sýlingarfell, consisting of various magnetometers, GPS, solar panels and batteries. Instruments at the station continuously monitored the Earth‘s magnetic field. The instruments installed were: one GSM 19 Overhauser total field magnetometer, one Geomag 3-axis fluxgate, two small digital EZIE-Mag magnetometers measuring 3-axis components of the field, and one small digital Conejo magnetometer. Additionally, three other Conejos were installed within the area: one half-way up the Þorbjörn hill, one in between Þorbjörn and Svartsengi powerplant down below and one on the small hill right east of Sundahnúkagígaröð. Here we present the station setup and preliminary magnetic data from the May 2024 eruption. Future steps of the project will also be discussed.

1.Biasi, J., Tivey, M. & Fluegel, B. Volcano Monitoring With Magnetic Measurements: A Simulation of Eruptions at Axial Seamount, Kīlauea, Bárðarbunga, and Mount Saint Helens. *Geophysical Research Letters* 49, e2022GL100006 (2022). **2.**Negro, C. D. & Ferrucci, F. Magnetic history of a dyke on Mount Etna (Sicily). *Geophys. J. Int.* 133, 451–458 (1998). **3.**Zlotnicki, J., Le Mouël, J. L., Delmond, J. C., Pambrun, C. & Delorme, H. Magnetic variations on Piton de la Fournaise volcano. Volcanomagnetic signals associated with the November 6 and 30, 1987, eruptions. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 56, 281–296 (1993). **4.**Blanco-Montenegro, I., Arnoso, J., Sánchez, N., Montesinos, F. G., Gómez-Ortiz, D., Nicolosi, I., Vélez, E., & Benavent, M. (2024). Volcanomagnetic signals related to the 2021 Tajogaite volcanic eruption in the Cumbre Vieja rift (La Palma, Canary Islands). *Journal of Volcanology and Geothermal Research*, *455*, 108200. https://doi.org/10.1016/j.jvolgeores.2024.108200 **5.**Napoli, R., Currenti, G., Del Negro, C., Greco, F. & Scandura, D. Volcanomagnetic evidence of the magmatic intrusion on 13th May 2008 Etna eruption. *Geophysical Research Letters* **35**, 2008GL035350 (2008).

Light volatile isotopic constraints on the origin of thermal fluids along the Albertine Rift, SW Uganda

Sæmundur A. Halldórsson[1], Peter H. Barry[2], Mark D. Kurz[2], Joshua J. Curtice[2], Andri Stefánsson[1], Jóhann Gunnarson Robin[1], Jens Fiebig[3], Shuhei Ono[4], Paolo Scarsi[5], Justin T. Kulongoski[6], Godfrey Bahati[7] & Paterno R. Castillo[6]

1: Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland
2: Marine Chemistry and Geochemistry Department, Woods Hole Oceanographic Institution, Woods Hole, MA, USA
3: Institute of Geosciences, Goethe University, Frankfurt/Main, Germany
4: Department of Earth, Atmospheric and Planetary Sciences, Massachusetts Institute of Technology, MA, USA
5: Institute of Geosciences and Earth Resources, National Research Council of Italy, Pisa, Italy
6: Scripps Institution of Oceanography, University of California, San Diego, CA, USA
7: Ministry of Energy and Mineral Development, Directorate of Geological Survey and Mines, Entebbe, Uganda

The East African Rift System (EARS) is Earth's largest active continental rift system. Seismic tomography investigations and noble gas volatiles studies have identified the African Superplume, a continental-scale, thermochemical mantle plume originating at the core-mantle boundary, as the primary driver of topographic uplift, magmatic heat and volatiles throughout the EARS, including its Western Branch. To date, there are limited noble gas and volatile isotope studies of either rocks or geothermal fluids to substantiate these findings for this part of the rift. The Albertine Rift in SW Uganda hosts several geothermal areas and active volcanoes with mafic igneous rocks and, thus, facilitates assessments of deep vs. shallow volatile inputs into a region undergoing continental extension.

We report He-CO_2-N_2-SO_2 isotope and relative abundances in thermal fluids from 16 localities from the Albertine Rift. The localities include the three major geothermal areas of this region, Katwe-Kikorongo, Buranga and Kibiro, that have been extensively explored but lack comprehensive and combined volatile isotopes studies. We supplement the fluid data with He isotope data from olivine crystals separated from mafic lavas.

Fluids show a large range in $^3He/^4He$ (R_C/R_A) but many samples are characterized by highly radiogenic values ($\geq 0.02R_A$). The highest $^3He/^4He$ is from a thermal spring from the Buranga region ($3.2R_A$). In contrast, olivine crystals show consistently higher and remarkably uniform $^3He/^4He$ ($7.67\pm0.44R_A$; n= 12, 1σ). $CO_2/^3He$ span about six orders of magnitude while $\delta^{13}C$-CO_2 values show two distinct populations whereby samples with $^3He/^4He > 1R_A$ cluster at –5‰ and samples with more radiogenic values ($<1R_A$) extend towards highly negative $\delta^{13}C$-CO_2 values (≥ –17.9‰). Only one locality has highly negative $\delta^{15}N$-N_2 values and irrespective of $^3He/^4He$, all other localities show uniform values (mean value of +1.5±2.2‰; n= 17, 1σ). A large range is evident in both $\delta^{34}S$ and $\Delta^{33}S$ values of SO_4 and $\delta^{34}S$ shows a negative correlation with $^3He/^4He$. In this case, highly radiogenic values extend to positive $\delta^{34}S$ values (≤ +18.75‰). In contrast to studies from the northern EARS (e.g., Ethiopia), extensive modifications of mantle-derived fluids that appear to largely reflect upper mantle volatile domains is thus evident in this part of the EARS.

Ljósleiðaravaki varar við eldgosum

Vala Hjörleifsdóttir[1], Jiaxuan Li[2], Ettore Biondi[3], Yesim Sabuncu[4], Kristín Jónsdóttir[4], Valey Kamalov[5] & Zhongwen Zhan[3]

(1) Háskólinn í Reykjavík (2) University of Houston, USA; (3) Caltech, USA; (4) Veðurstofa Íslands (5) Valey Kamalov LLC, USA;

Frá nóv 2023-nóv 2024 var ljósleiðaravaki (DAS Interrogator) við mælingar á ljósleiðara fjarskiptafyrirtækisins *Ljósleiðarinn* á milli Keflavíkur og Þorlákshafnar. Segja má að vakinn breyti ljósleiðaranum í þétta röð skynjara sem mæli hvort sé að teygjast á ljósleiðaranum eða hann að þjappast saman. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að með ljósleiðaravökum megi greina mismunandi upptök hreyfinga í jörðinni, svo sem jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, bíla og gangandi fólk. Í feb 2024 tókum við eftir því að skýrt merki birtist á ljósleiðaranum meira en 30 mínútum áður en eldgos hófst og var fljótlega hafist handa við að þróa aðferðafræði sem nýtir þetta merki til þess að vara við yfirvofandi eldgosi.

Aðferðin er afar einföld og felst í því að merkið er lághleypisíað við 100 sekúndur, meðaltal tekið yfir síaða merkið á 500 metra kafla á ljósleiðaranum þar sem hann liggur austan Grindavíkur og svo að lokum hlaupandi meðaltal yfir fimm mínútna glugga. Með þessari aðgerð fæst einfaldað merki sem hægt er að fylgjast með útslaginu á í nær rauntíma. Þegar einfaldaða merkið fer yfir 1 nanostrain/sec er gefin út viðvörun. Með því að keyra þessa aðgerð aftur í tíma fæst að hún nær að vara við öllum eldgosunum, en einnig gefur hún bara eina falska viðvörun; þegar gangainnskot varð sem náði ekki til yfirborðs. Í síðasta gosi sem mælingar ná yfir, í ágúst 2024, náði kerfið að senda út viðvörun 26 mínútum áður en gos hófst. Í þessu erindi verður aðferðinni lýst og hún borin saman við aðrar aðferðir til eldgosaviðvarana.

InSAR Observations of Fracture Movements on the Reykjanes Peninsula

Nate Wire[1], Halldór Geirsson[1] & Sigurjón Jónsson[2]

[1]University of Iceland, [2]King Abdullah University of Science and Technology (KAUST)

Widespread fracture movements have been observed on the Reykjanes Peninsula since volcano-tectonic unrest began in 2020. TerraSAR-X data were processed to create 57 interferograms spanning September 2021 to July 2024 from which fractures were mapped manually. While many of these movements can be explained by favorable stress changes associated with diking and coseismic deformation, the observed fracture distributions, particularly those associated with the 10-11 November 2023 Grindavík dike intrusion, extend well beyond the regions of positive Coulomb stress change where fracture movements are expected, assuming normal faulting. A pair of unwrapped ascending and descending interferograms spanning the Grindavík dike intrusion were decomposed into near-vertical and near-east displacement maps and high-pass filtered to reveal the displacement patterns along fractures. Systemic variations in the sense of motion along fractures striking approximately N40°E are observed: a) In regions of positive co-diking normal stress change, or unclamping, near-east displacements show opening and a significant component of vertical displacement along fractures, as observed in the town of Grindavík. b) In regions of negative normal stress change, or clamping, near-east displacements show closing and a small component of subsidence along fractures. The former a) is consistent with triggered slip along normal faults, while the latter b) is consistent with shallow closing dislocations. The fracture movements in regions of clamping are therefore interpreted as strain localization along zones of weakness at depths of <100 m. As diking puts portions of adjacent fissure swarms under compression, the resulting deformation is concentrated along weak zones at the surface: open tensional fractures and normal faults. The densest region of fracture movements within the Reykjanes fissure swarm has a characteristic spacing of approximately 200 m, and decomposed line-of-sight (LOS) displacements indicate that the amplitude of closure along fractures in this area is no more than 10 mm, corresponding to about -50 µstrain, significantly larger than the observed annual tectonic strain rates in this region.

Persistent fracture movements are also observed within the northeastern portions of the Krýsuvík and Brennisteinsfjöll fissure swarms. These do not appear to be directly related to co-diking stress changes but rather are coincident with small earthquake swarms ($M_{max} = 3.1$). Ascending and descending LOS displacement maps for these events are symmetric, indicating that deformation is primarily vertical and related to shallow normal faulting. Leveling observations across several of the active fractures within Búrfellsgjá in the Krýsuvík fissure swarm confirm centimeter-scale deformation for the 2012-2024 period. These observations suggest that fracture movements, albeit small, can occur over a much larger area than indicated by stress changes favorable for faulting.



Figure 1. Active fractures mapped in the vicinity of Grindavík from September 2021 to July 2024. These consist of structures activated during diking at Fagradalsfjall in 2021, 2022, and 2023, inflation at Svartsengi in May – June 2022, and inflation and diking at Svartsengi in October 2023 - July 2024. Note prominent graben-bounding faults within Grindavík and characteristic spacing (several hundred meters) of fractures.

Dreifing vetrarsnævar á Sátujökli mæld með snjósjá

Þorsteinn Þorsteinsson, Bergur Einarsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Vilhjálmur Kjartansson & Tómas Jóhannesson

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 107 Reykjavík thor@vedur.is

Hofsjökull er þriðji stærsti jökull á Íslandi og fer hann ört rýrnandi líkt og aðrir jöklar landsins. Við lok 19. aldar nam flatarmál hans 1038 km^2 en hefur nú minnkað í um 790 km^2.

Á norðanverðum Hofsjökli hefur verið afmarkað ísflæðisvið sem nefnt er eftir móbergsfjallinu Sátu og nær það yfir tæpan tíunda hluta af flatarmáli alls jökulsins. Mælingar á legu jökuljaðarsins ná aftur til 1950 og hefur sporðurinn hopað um 1000 m á tímabilinu 1950–2023. Ísasvið Sátujökuls nær nú yfir hæðarbilið 850–1720 m og mesta breidd þess er 7 km. Flatarmál þess hefur rýrnað úr 78 km^2 í 72 km^2 á árabilinu 1988–2023. Frá því rennur leysingarvatn til Vestari Jökulsár sem fellur niður í Skagafjörð.

Reglulegar afkomumælingar hófust á Sátujökli 1988 og síðan hefur vetrar- og sumarafkoma ísasviðsins verið mæld árlega í 8–15 punktum. Gögnin eru aðgengileg í Jöklavefsjá. Sprungur hindra för um hluta jökulsins og eru mælipunktarnir því bundnir við örugg svæði. Vetrarafkoman (B_v) er mæld með snjóborunum gegnum vetrarlagið að vori og sumarafkoman (B_s) með aflestri af leysingarstikum vor og haust. Summa B_v og B_s gefur ársafkomu, sem er neikvæð ef massatap hefur orðið. Frá upphafi mælinganna hefur ársafkoman aðeins 5 sinnum mælst jákvæð, en 32 sinnum neikvæð. Til samanburðar við punktmælingar hefur afkoma einnig verið reiknuð yfir ákveðin árabil út frá landlíkönum, sem gera kleift að meta rúmmálsrýrnun og þar með massatap. Skv. þeim niðurstöðum reynast hinar hefðbundnu punktmælingar vanmeta rýrnun Sátujökuls um 0.25 m/ári (vatnsgildi) og meðal-afkoman 1988–2023 svarar til þess að árlega hafi að jafnaði tapast um 0.8 m þykkt vatnslag af ísasviðinu öllu.

Til að skilja orsök vanmats út frá punktmælingum hafa nákvæmar mælingar á dreifingu snjóþykktar á Sátujökli farið fram síðan 2015. Notuð er snjósjá (GPR-radar) af gerðinni IceMap, sem sendir 500 MHz rafsegulbylgju niður í yfirborðslög og greinir endurköst sem stafa fyrst og fremst af snörpum breytingum á þéttleika. Tækinu er komið fyrir í sterkbyggðum plastkassa og er allt sambyggt í einni einingu: Sendir, móttakari, GPS-tæki og rafhlaða. Kassanum er komið fyrir í plastbát, sem dreginn er af vélsleða á hraðanum 20–40 km/klst. Að jafnaði næst ein þykktarmæling með 0.4 m millibili. Samanlögð lengd ekinna mælilína á Sátujökli hefur á hverju ári verið nálægt 100 km og nást því 250.000 snjóþykktarmælingar með snjósjánni á þessum hluta jökulsins í hverri vorferð.



Endurkast frá hausthvörfum á um 550 cm dýpi á um 400 m löngu sniði nærri hábungu Hofsjökuls.

Snjósjáin mælir ferðatíma rafsegulbylgju milli yfirborðs og tiltekins endurkastsflatar og sé hraði bylgjunnar þekktur má reikna dýpt snævar ofan flatarins. Mælt snjódýpi niður á jökulís eða hausthvörf er notað til að ákvarða meðalhraða rafsegulbylgjunnar í vetrarlaginu á hverju vori. Hraðinn hefur reynst vera á bilinu 208–214 m/µs. Reglulega er kannað hvort endurtekin mæling á tilteknu sniði skilar sambærilegri niðurstöðu og fyrri mæling. Munur á meðal-snjóþykkt úr tveimur mælingum á sama sniði hefur reynst vera á bilinu 0.5–2.0%. Ennfremur hefur verið kannað hvernig þykktarmælingum beri saman þegar tvö mælisnið skerast og reyndist mismunur á reiknuðu dýpi í 32 slíkum skurðpunktum að meðaltali 1.2%. Af þessum samanburði er ályktað að snjósjármælingin gefi góða mynd af þykkt snjólags vetrarins. Erfiðleikar geta þó komið upp við túlkun endurkasts frá hausthvörfum innan ákomusvæðisins, því blotar snemma vetrar leiða oft til myndunar íslaga í neðsta hluta vetrarlagsins og gefa slík lög ekki minna áberandi endurköst en hausthvörfin.

Á árabilinu 2015–2024 hafa mælingar á þykkt vetrarlags farið fram á Sátujökli í öllum vorferðum (utan 2017). Í ljós kemur að snjósöfnun er með mjög áþekku móti öll árin, þótt mismikil sé. Sérstaka athygli vekja reglubundnar sveiflur í snjóþykkt á sniði sem mælt er frá hábungu Hofsjökuls (1790 m y.s.) norður að jaðri Sátujökuls. Talið er að þær orsakist af skafrenningi á jöklinum. Snjóinn skefur af hnúskum á yfirborði jökulsins og sest hann síðan til hlémegin. Hnúskarnir virðast orsakast af stallalandslagi í hlíðum öskjunnar, sem Hofsjökull hylur. Í ljós hefur komið að nokkrir mælipunktanna, sem notaðir hafa verið við afkomumælingar frá 1988, eru staðsettir í snjóþykktarhámörkum og hefur það haft áhrif á niðurstöður afkomureikninganna.

Í kynningu þessari verður lýst dreifingu snjóþykktar á Sátujökli og notkun snjósjárgagna til að meta þátt vetrarafkomu í ofangreindu vanmati á rýrnun jökulsins.



Reglubundnar sveiflur koma fram í þykkt vetrarlags mældri á S-N sniði á Sátujökli. Snjóþykktin getur allt að þrefaldast á innan við 1000 m vegalengdarbili. Staðsetning hámarka á ferlunum breytist mjög lítið milli ára. Sé stuðst eingöngu við niðurstöður borana sem (sumar hverjar) lenda í snjóþykktarhámörkum skekkir það myndina af vetrarafkomu jökulsins.

Explosive phases of the 937-40CE Eldgjá flood lava eruption, Iceland and the variability in magma composition

Þorvaldur Þórðarson[1]; Diana Brum D Silveira G Alvarez[1]; William M. Moreland[1,2]; Ármann Höskuldsson[3], Ingibjörg Jónsdóttir[1] & Guðrún Larsen[3].

[1]Faculty of Earth Sciences, University of Iceland, IS101 Reykjavík, Iceland
[2]Iceland Meteorological Office, IS105 Reykjavík, Iceland
[3]Institute of Earth Sciences, University of Iceland, IS101 Reykjavík, Iceland

The 937-40 AD Eldgjá flood lava eruption in Iceland (21 km^3) took place on a ~70-km-long vent system trending northeast from the Katla central volcano. It features four distinct vent segments: Eldgjá South, Central, Chasm, and North. The South segment is partly beneath the Mýrdalsjökull glacier, but the reminder of the vent system was subaerial. The eruption produced >16 eruption episodes each featuring phreatomagmatic or magmatic explosive activity of sub-Plinian to Plinian intensities. The tephra fall from these explosive phases covers >20,000 km^2 and has a cumulative volume of >6 km^3 (1.3 km^3 DRE). The lava volume is 19.6 km^3. The eruption started on the South segment, ~10-15 km NE of the Katla caldera and for the first ~1.5 yrs the eruption shifted between vents just outside and beneath the glacier producing stratified phreatomagmatic tephra sequence interspersed with sporadic magmatic tephra units. This part represents the Wet Phase of the eruption. In the final 1.5 yrs the activity propagated towards the northeast, away from the Katla volcano, producing magmatic tephra (and lava) representing the Dry Phase. Eldgjá magma is rather evolved (MgO: 4.9-5.7 wt.%), mildly alkalic basalt. Analyses of samples representing all eruption episodes show that the most primitive magma (MgO: 5.5-5.7 wt.%; Zr: 220-235 ppm) erupted during the initial Wet Phase. The erupted magma became more evolved (MgO: 4.9-5.5 wt.%; Zr: 240-280 ppm) during the Dry Phase, indicating extraction of magma from shallower levels within the crustal storage zone during the latter half of the eruption.

Brimnes: Nýtt lághitakerfi á höfuðborgarsvæðinu staðfest með borunum

Þráinn Friðriksson[1], Auður Agla Óladóttir[2], Sigurður G Kristinsson[2], Bjarni Reyr Kristjánsson[1], Irma Gná Jóngeirsdóttir[2] & Magnús Á. Sigurgeirsson[2]

[1] Orkuveitan, [2] ÍSOR

Nú í vetur hafa Veitur látið bora tvær rannsóknarholur á Brimnesi, sunnanvert við Hofsvík á Kjalarnesi. Rannsóknir og mælingar á þessum holum standa enn yfir og úrvinnslu er ekki að fullu lokið. Þessar boranir hafa þó staðfest að þarna er að finna jarðhitakerfi sem er 95 til 105°C heitt. Fyrstu niðurstöður benda til þessa að efnasamsetning vökvans sé heppileg m.t.t. nýtingar, þ.e. pH virðist vera hátt, >9, og selta virðist vera lág, eða á bilinu 50 til 100 mg/kg (skv. leiðnimælingum). Fyrri rannsóknarholan, SV-08, var boruð niður á 800 m dýpi og reyndist mjög gæf. Hún hitti á lekar æðar á 250 m, 350 m og 700 m dýpi og fengust úr henni >50 l/s í blástursprófi í borlok af tæplega 90°C heitu vatni við um 60 m niðurdrátt. Seinni holan, SV-10, sem boruð var niður á 900 m dýpi var mun tregari og gaf hún rétt um 10 l/s við 120 m niðurdrátt. SV-10 virðist hins vegar örlítið heitari en SV-08. Hitastig á 600 m er um 103°C í SV-10 en um 97°C í SV-08.

Engin yfirborðsvirkni er á Brimnesi og við jarðhitaleitina var fyrst og fremst stuðst við hitastiguls-rannsóknir. Þegar yfirstandandi rannsóknarfasi hófst, árið 2022, voru einungis fimm holur á Kjalarnesi sem til voru nothæfar hitamælingar úr. Þar af voru þrjár á norðanverðu Kjalarnesi, nálægt gangnamunna Hvalfjarðarganganna og tvær á sunnanverðu nesinu. Hitastigulskort byggt á hitamælingum úr þessum holum sýndi samfellt hitafrávik með norður-suður stefnu eftir endilöngu Kjalarnesi undir vestanverðri Esju sem var tengt hitafráviki sem kom fram í Hvalfjarðargöngunum. Síðan þá hafa Veitur látið bora 29 hitastigulsholur (60 til 100 m djúpar) víðsvegar á Kjalarnesi og inn eftir Kollafirði og nú er komin fram mun skýrari mynd af hitafari í berggrunni á svæðinu. Nú hefur komið í ljós að við vestanverða Hofsvík er víðfeðmt og sterkt hitastigulsfrávik. Hæstu hitastigulsgildin, um 380°C/km, mældust yst á Brimnesi við sunnanverða Hofsvík og þar voru rannsóknarholurnar settar niður.

Stefnt er að því að gera skammtíma dælupróf á holu SV-08 í ár. Þá er gert ráð fyrir að virkja holuna með dælu og dæla úr henni í nokkrar vikur úr í sjó og fylgjast með vatnsborði, hitastigi og efnasamsetningu vökvans. Kanna þarf hvort óhætt sé að blanda vatni frá Brimnesi við annað lághitavatn í hitaveitu höfuðborgarsvæðisins m.t.t. útfellingahættu. Ef það er óhætt og skammtímaprófun leiðir ekki til kólnunar eða hækkandi seltu er stefnt að því að virkja holuna varanlega og tengja við flutningslögn Veitna á Kjalarnesi. Holan verður síðan keyrð af fullum krafti inn á dreifikerfi hitaveitu höfuðborgarsvæðisins og líta má á þá keyrslu sem annan áfanga í afkastaprófun svæðisins.

Áformað er bora fleiri holur á næstu árum á Brimnesi til að kanna umfang og vinnslugetu svæðisins. Hversu margar þær verða á endanum ræðst af niðurstöðum úr vinnsluprófunum á SV-08 og árangri af borunum en núverandi áætlanir gera ráð fyrir a.m.k. tveimur holum. Önnur verður grönn, 1200 m djúp, rannsóknarhola á norðanverðu nesinu, austan við holu SV-08 til að kanna útbreiðslu auðlindarinnar í þá átt. Þá er gert ráð fyrir einni 1500 m djúpri, stefnuboraðri holu til norðurs undir Hofsvík.

Hitastigulsboranir á Kjalarnesi voru unnar af Bergborun en Ræktunarsamband Flóa og Skeiða boraði rannsóknarholurnar tvær. Jarðfræðiráðgjöf og borholumælingar hafa verið í höndum ÍSOR. GeoEnergy og COWI hafa séð um verkefnisstjórnun rannsóknarborana fyrir hönd Veitna.

Jarðkönnun Grindavíkur

Ögmundur Erlendsson[1], Magnús Á. Sigurgeirsson[1], Gunnlaugur M. Einarsson[1], Jóhann Ö. Friðsteinsson[2], Jón Haukur Steingrímsson[3], Gregory Paul De Pascale[4], Elisa Johanna Piispa[4], Catherine Rachel Gallagher[4], Hallgrímur Ö. Arngrímsson[2], Steinunn Hauksdóttir[1] & Daniel Ben-Yehoshua[3]

[1] Íslenskar orkurannsóknir [2] VERKÍS [3] EFLA [4] Háskóli Íslands

Öflug skjálftahrina, tengd flekahreyfingum, hófst í október 2023 á svæðinu á milli Þorbjarnar og Sundhnúks, sem leiddi til myndunar sigdals og kvikuhlaups undir Grindavík þann 10. nóvember. Í kjölfarið fylgdu eldgos á Sundhnúksgosreininni, þar af nokkur sem ollu sprunguhreyfingum í Grindavík. Tveir megin sigdalir mynduðust í og við bæinn, aðgreindir af rishrygg. Við þessi umbrot opnuðust margar sprungur og skemmdir urðu á byggingum, vegum og öðrum innviðum. Landsig mældist mest um 1,5 m. Í kjölfar atburðanna fóru Almannavarnir þess á leit að ítarleg jarðkönnun færi fram á svæðinu sem nú er lokið. Jarðkönnun Grindavíkur hefur verið samstarfsverkefni ÍSOR, VERKÍS, EFLU, HÍ og Vegagerðarinnar.

Lokaskýrsla um jarðkönnun Grindavíkur ásamt fjölda minnisblaða liggur fyrir þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðunum. Ein meginafurð verkefnisins er ítarlegt sprungukort af Grindavík. Koma þar fram sjö aðskilin sprungubelti sem hreyfst hafa í yfirstandandi umbrotum, þ.e. Stamphólsgjá, Hópssprunga, Austurhópssprunga, Víðihlíðarsprunga, Bröttuhlíðarsprunga, Stakkavíkursprunga og Strandhólssprunga (meðfylgjandi kort). Stamphólsgjá er dýpsta og breiðasta sprungan, allt að 3 m á breidd og yfir 30 m djúp. Auk þess mælist meira en 20 m dýpi á sprungum innan sprungubelta Hópssprungu og Bröttuhlíðarsprungu. Mikilvægt er að hafa í huga að Stamphólsgjá og Hópssprunga eru nokkur þúsund ára gamlar sprungur og þessi mikla gliðnun á þeim er ekki öll til komin í núverandi atburðum. Á gömlum loftmyndum sést að Stamphólsgjá var talsvert opin áður en bærinn byggðist upp. Engin ummerki eru um Austurhópssprungu, Víðihlíðarsprungu, Bröttuhlíðarsprungu og Stakkavíkursprungu á eldri loftmyndum og eru þær því taldar hafa myndast í yfirstandandi atburðum. Við Strandarhól mælist mjög mikil gliðnun á Strandhólssprungu, um 2,4 m. Þar má greina væg merki um sprunguna á eldri loftmyndum en engu að síður hefur þarna átt sér stað ein mesta gliðnunin sem hefur verið mæld í Grindavík í núverandi atburðum. Algengast er að sprungur séu um 20-60 cm breiðar og 1-5 m djúpar. Hlutfallslega fáir staðir eru með >80 cm breiðar og >8 m djúpar sprungur. Mikilvægt er að hafa í huga að víða er mikið efnishrun ofan í sprungur og oft sjást aðeins dældir og sig á yfirborði sem gefa vísbendingu um opna sprungu undir yfirborðinu. Við jarðkönnunina var ýmsum rannsóknaraðferðum beitt s.s. loftmyndatúlkun, LiDAR-hæðarmælingum, jarðsjármælingum, segulmælingum, viðnámsmælingum og sjónskoðun. Allar götur í Grindavík voru mældar með jarðsjá í því skyni að skima eftir vísbendingum um holrými undir yfirborðinu. Í framhaldinu fóru fram frekari rannsóknir á svæðunum þar sem jarðsjármælingar gáfu vísbendingar um holrými með bæði segul- og viðnámsmæli til frekari staðfestingar.

Í gryfjum sem grafnar voru í tengslum við viðgerðir á götum fékkst gott tækifæri til að skoða nokkra metra ofan í berggrunninn og sjá hvernig hann er samsettur. Þessar athuganir hafa leitt í ljós að í efstu 4-10 m berggrunnsins eru fjögur hraunlög frá eftirjökultíma aðgreind af setlögum og jarðvegi. Ekki sáust í myndanir frá ísöld, s.s. móberg eða grágrýti, sem eru þá á meira dýpi. Yngsta hraun á yfirborði er Sundhnúkahraun (~2000 ára). Gamlar þekktar gjár í Grindavík eru áberandi í eldri hraunum (>8000 ára) en sjást lítið sem ekkert í Sundhnúkahrauni.

Þó að jarðkönnun innan Grindavíkur sé lokið er mikilvægt að hafa í huga að jarðhræringar í og við Grindavík eru enn í gangi og möguleiki á frekari sprunguhreyfingum í framtíðinni. Auk þess eru sprungur á yfirborði enn að breytast og ný ummerki að koma í ljós. Ljóst er að laus jarðefni eru á hreyfingu í sprungunum og því mikilvægt að fylgjast vel með öllum breytingum.